

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Ár 2019, mánudaginn 11. mars var haldinn 15. fundur menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu og hófst kl. 13:30. Viðstödd voru: Pawel Bartoszek, Hjalmar Sveinsson, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Björn Gíslason, Katrín Atladóttir, Baldur Borgbórsson og Ingvar Sverrisson áheyrnarfulltrúi Íþróttabandalags Reykjavíkur. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Andrés B Andreassen fjármálastjóri íþróttá- og tómstundasviðs, Steinbór Einarsson skrifstofustjóri íþróttá- og tómstundasviðs, Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs og Ómar Einarsson sviðsstjóri íþróttá- og tómstundasviðs.

Fundarritari var Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri íþróttá- og tómstundasviðs.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á rými og aðstöðu fyrir safnkost Listasafns Reykjavíkur. Einnig lagt fram minnisblað um leigusamning við Íslenska grafík

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið. RMF 18060005

- Kl. 13:44 viku Arna Schram af fundi.

2. Lagt fram bréf sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 5. mars 2019, vegna nýrrar gjaldskrár sumarnámskeiða í Fjölskyldugarðinum. Samþykkt.

3. Lagt fram bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 20. febrúar 2019, vegna tilnefningar Íþróttabandalags Reykjavíkur í stýrihóp vegna mótunar íþróttastefnu.

4. Lagt fram bréf sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 7. mars 2019, ásamt erindisbréfi stýrihóps vegna mótunar íþróttastefnu.

5. Lagt fram bréf skrifstofu þjónustu og reksturs, dags. 20. febrúar 2019, vegna innleiðingar þjónustustefnu borgarinnar. Vísað til íþróttá- og tómstundasviðs til skoðunar.

6. Fram fer kynning á Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Frímann Ari Ferndinandsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14:54 viku Ingvar Sverrisson af fundi.

7. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir umsögn íþróttá- og tómstundasviðs um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um útvíkkun á notkunarskilmálum Frístundakortsins.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi umsögn.

Með hliðsjón af markmiðum frístundakortsins mælir menningar-, íþróttá- og tómstundaráð ekki með því að reglunum um notkun kortsins verði breytt þannig að hægt verði nýta það til að kaupa niðurgreidd sundkort fyrir börn. Fulltrúar í menningar-, íþróttá- og tómstundarráði leggja þó áherslu á að frístundakortið eigi að ná til eins fjölbreyttrar gerðar skipulagðrar frístundastarfsemi og kostur er og eru opnir fyrir ábendingum um leiðir til að tryggja að svo verði. Eigi hins vegar að nýta kortið til að greiða staka afþreyingu yrði rökrétt skref að slíkt myndi ekki einkorðast við niðurgreidda sundstaði á vegum borgarinnar, heldur myndi gilda einnig miða á skíðasvæði, söfn, leiksýningar, bío og svo framvegis. Ekki er talið

tímabært að stíga þau skref að svo stöddu, án frekari umræðu um markmið og hlutverk frístundakortsins.

8. Lögð fram áætlun íþróttá- og tómstundasviðs um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 15.04.

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson
Elín Oddný Sigurðardóttir
Björn Gíslason

Sabine Leskopf
Katrín Atladóttir
Baldur Borgþórsson